

**1978 nr. 44 10. maí****Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess  
að fullgilda fyrir Íslands hönd samning  
milli Lýðveldisins Íslands og Sambands-  
lýðveldisins Pýskalands um gagnkvæma  
aðstoð í tollamálum**

Tóku gildi 6. júní 1978.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að mælefnað sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

- Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Pýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum sem undirritaður var í Bonn 11. október 1977. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> *Sjá Stjóð. A 1978, bls. 221–228.*

**■ 2. gr.**

- Þegar samningurinn hefur verið fullgiltur skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> *Augl. C 9/1978.*

**■ 3. gr.**

- Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.